

Synir Guðmundar frá Miðdal koma höggmyndum fyrir á sýningunni, frá vinstri Einar, Egill, Ari og Yngvi. Tímamyndir: Gunnar.



Hugað að eirstungumyndunum, sem til sölu eru á sýningunni.

Í litadýrð ísle náttúru

— Minningarsý um Guðmun

ÞESSA dagana gefur að líta sýningu á verkum Guðmundar frá Miðdal, og hefur henni verið valinn staður á Kjarvalsstöðum. Það er vel við hæfi. Hin fjölbreytilega listsköpun Guðmundar frá Miðdal sómir sér vel í beztu sýningarsölum. Það fer vel um verk hans á þessum stað.

Guðmundur Einarsson hefði orðið áttræður á þessu ári, fæddur 1895. Hann lézt árið 1963.

Hann var mikilvirkur listamaður, — hann málaði, stundaði höggmyndagerð og eirstungugerð. Auk þess liggja eftir hann teikningar, húsaskreytingar, leirmunir, bækur og steindir gluggar.


Fyrsta teikningin eftir Guðmund er frá árinu 1914. Hún er á þessari sýningu og ber nafnið „Flosagjá". Meðal fyrstu mynda hans eru gipsmyndir í húsi Nathans og Olsens, og nokkrar olíumyndir, sem einnig eru á þessari sýningu.

Að líkindum verða það styttur Guðmundar, sem lengst halda nafni hans á lofti, ýmsar höggmyndir, sem rísa víða um land, íslenzkar og stórbrotnar í gerð og eðli. Húsaskreytingar hans eru minnisverðar, og þar ber hæst silfurbergshvelfinguna í Þjóðleikhúsinu og hvelfinguna í Háskóla Íslands. Þá skal því ekki gleymt, að Guðmundur var brautryðjandi í leirmunagerð hérlendis og notkun íslenzkra jarðefna við hana. Listvinahúsið, sem hann stofnaði, hefur nú starfað um nær hálfrar aldar skeið, og hefur Einar sonur hans annazt reksturinn síðustu árin.

En það var um myndir skáldsins, málverkin, sem hér skyldi fjallað. Að vísu eru nokkrar höggmyndir á sýningunni gott vitni um snjallt handbragð listamannsins.


Guðmundur frá Miðdal sótti fyrirmyndir sínar út í íslenzka náttúru. Ást hans á viðfangsefninu leynir sér ekki, né hrifning hans á víðfeðmi íslenzkra fjalla og þess, sem þar er að finna. Rjúpan er nánast fylgifiskur hans á leið hans um lyngflesjur heiðanna, svo mikið dálæti, sem hann hefur á þessum fagra öræfafugli. Hann finnur hana líka í snjónum og hrifst af sjóninni. Hrafnar og skarfar verða honum líka viðfangsefni, og dásamleg kyrrð er





Knattspyrnan í öndvegi

Max Lundgren, Áfram Hæðargerði. Eyvindur Eiríksson þýddi. Iðunn, 1974.



Max Lundgren (f. 1937) gaf út sína fyrstu ungingabók árið 1965, og var það „Áventyrets fyra farger". Hann hefur skrifað margar barna- og unglingabækur, sem fjalla um íþróttir, og er Áfram Hæðargerði sú fyrsta í röð bóka, sem fjalla um knattspyrnulið Hæðargerðis. Höfundurinn hefur einnig skrifað barnaefni fyrir sjónvarp og útvarp. Hann hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir barna- og unglingabækur sínar, m.a. Nils Holgersson-plaketten árið 1968 fyrir tvær bækur, sem hann sendi frá sér árið áður. Önnur þeirra var Pojken med guldbyxorna, en hin var einnitt Áfram Hæðargerði.

Lundgren er talinn meðal fremstu rithöfunda sænskra, sem skrifa fyrir unglinga, og er efni sagnanna tekið úr þeim heimi, sem unglingarnir þekkja vel og skilja. Í sögunum tekur hann gjarna fyrir samskipti unglinga og fullorðinna og þau áhrif, sem fullorðna fólkið getur haft á unglinga — jafnt jákvæð sem neikvæð. Hann hefur sýnt í verkum sínum, að mögulegt er að taka fyrir ýmis konar vandamál en hafa bækurnar samt skemmtilegar og spennandi og lausar við allar yfirborðskenndar siðaprédikanir.

Áfram Hæðargerði (Ashöjdens bollklubb) er skrifuð árið 1967 og fjallar um fótboltalið í litlu sveitaþorpi, Hæðargerði. Í upphafi kynnumst við liðinu, þar sem fótbolti er iðkaður af litilli list, og æfingunum fylgja gjarna slagsmál og pelafylliri. Menn slást gjarna í illu á leikvellinum, og draga jafnvel upp kuta sína, ef mótherjinn gerist of aðgangsharður eða hinu liðinu vegnar of vel.

Tímamót verða í sögu þessa 5. deildar liðs, þegar einn fyrrverandi landsliðsmaður, „Bakarinn", flytur í þorpið og kaupir kaffistofu staðarins. Í þessari kaffistofu var áður drukkið eftir æfingarnar, en hann er ekki lengi að breyta þar um andrúmsloft. Hann sýnir þorpsliðinu fram á, að ekki geta farið saman íþróttaiðkun og áfengisneyzla, og þar sem strákarnir dást að honum, flykkjast þeir um hann.

„Bakarinn" hefst brátt handa um þjálfun liðsins með reglubundnum þrek- og leiktækniæfingum og er ákaflega nákvæmur um reglusemi og ástundun. Í bókarlok hefur liðinu vegnað svo vel, að það er á leið upp í þriðju deild og búið að vinna sig í gegnum 5. og 4. deild.

Aðalsöguhetjurnar eru tveir strákar, uppeldisbræður, sem alast upp hjá fokríkum „Bláberjakónginum", sem allt á í Hæðargerði. Annar bræðranna, Eðvarð, er sonarsonur Bláberjakóngsins, en hinn, Jorma, er tökubarn frá Finnlandi. Samskipti þeirra við föður sinn og ráðskonuna, Elínu, sem heldur heimili fyrir þá feðga, eru ósköp látlaus og ærekstralítil, og við finnum, að þessu fólki er mjög annt um strákana. Þau vilja hvert öðru vel, eins og kemur t.d. í ljós, þegar ráðskonan gengur í knattspyrnufélagið til þess eins að kjósa formann að skapi bræðranna. Þótt faðir þeirra sé ríkur, kemur hvorki fram í sögunni, að hann dekri syni sína, né heldur að þeir hafi neina sérstaka skoðun á ríkidæmi hans. Þegar tilfinningar þeirra til hans eru túlkaðar, finnum við, að þeim er hlýtt til hans: „Við kölluðum hann „pabba". Ég held að honum hafi þótt vænzt um Eðvarð af öllu í heiminum, þar með taldir peningarnir hans. Hann reyndi samt að gera ekki upp á milli okkar". Hér er það Jorma sem segir frá.

Elín ráðskona heldur meira upp á Jorma, svona eins og til að skapa mótvægi í fjölskyldunni. Um hana segir Jorma: „... hún var sérlunduð og úrill, en við áttuðum okkur fljótt á því hvar hún var veik fyrir. Innst inni fannst bæði henni og okkur hún vera móðir okkar."

Við fáum aðeins að kynnast viðskiptajöfrinum í Bláberjakónginum, þegar „Bakarinn" vill fá land undir fótboltavöll úr eigu kóngsins. Sagan lýsir einnig mest öllu fótboltaliðinu og einkennum hvers leikmanns fyrir sig. Skemmtileg og sérkennileg er saga Útburðarjóa og þáttur hans í sögunni allri. Frásögnin um hann er undirtónn í allri bókinni.

Saga Lundgrens um knattspyrnuliðið er mjög skemmtilega skrifuð og lýsingarnar á leikjunum og æfingunum mjög greinargóðar. Það er greinilegt, að til þess að geta lýst leik og leiktækni á sama hátt og Lundgren gerir, þarf mikla kunnáttu og þekkingu á íþróttinni sjálfri. Jafnvel þeir, sem enga hugmynda hafa um hvernig knattspyrna er leikin, fá góða nasasjón af fótboltaþjálfun og þeirri staðreynd, að ekki er allt komið undir fótalipurðinni. Í þessu tilliti stendur hún langt framar þeim bókum íslenzkum, sem lýst hafa knattspyrnu á einn eða annan hátt. Í þessari bók gefur höfundur sér nægan tíma til að lýsa smáatriðum öllum, sem svo miklu máli skipta til þess að gera söguna skýra.

Sagan um fótboltaliðið í Hæðargerði er saga um það, hvernig fálmkenndur sunnudagsfótbolti getur með réttri þjálfun og umsjón orðið að vel skipulögðu liði, þar sem réttur maður með þekkingu á sjálfum sér skipar hvert rúm. En auk þess að vera knattspyrnusaga er þessi bók góð lýsing á nauðsyn þess að hjálpast að til þess að ná settu takmarki, og hvernig jafnt knattspyrna sem önnur þátttaka í þjóðfélaginu byggist á samhjálp og gagnkvæmum skilningi. Alls eru nú komnar út fórar bækur um þetta fótboltalið, og væri gaman að fá hinar bækurnar þýddar á íslenzku líka.

Bókin er læsileg og spennandi að marki og á að mínu mati vel heima í Úrvalsbókaflokki Iðunnar.